

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar

Ef horft er eingöngu á suðvestur hornið þá tel ég tel verulega mikið ójafnrétti fólgið í því að rukka veggjald fyrir þá sem þurfa að nota þessa ákveðnu þrjá vegi út og inn úr höfuðborginni. Margir hafa kosið að flytja í nágrannasveitarfélög til að lækka heildarkostnað við búsetu og þetta er þá beinn skattur fyrst og fremst á þessa aðila sem þurfa að nota þessa ákveðnu vegi alla daga. Þeir sem fara aldrei út fyrir borgarmörkin, og þeir eru margir, sleppa alveg án þess að greiða nokkuð fyrir uppbyggingu samgöngumannvirkja og því liggur þetta aðallega á einum hóp notenda sem ég tel verulega slæma þróun og mikið óréttlæti. Ef ætti að fara þessa leið með sanngjörnum hætti þyrfti að rukka inn í hvert hverfi í landinu til að gæta jafnræðis.

Ef skoða á rökin varðandi rafbílavæðingu og orkuskipti þá er það eðlilegt að færa gjöld frá bensínskatti yfir í annað form til að mæta þeirri þörf en til eru mun sanngjarnari leiðir hvað það varðar. Flestir rafbílur í dag hafa ekki einusinni drægni til að fara út úr borginni og keyra eingöngu innanbæjar og greiða því ekkert í skatt. Þeir rafbílur sem fara utanbæjar munu því halda uppi skattlagningu á rafbílum í landinu ef þetta verður að veruleika. Mun betra væri að setja aukaskatt á rafbíla t.d. bæta við bifreiðagjöldin eða eitthvað slíkt. Varðandi túristana mætti setja komugjald eða annarskonar skatt til að tryggja nægar tekjur af þeim.

Eins vil ég benda á að með einföldum reikning má sjá að tekjurnar af þessu geta aldrei staðið undir rekstri tollakerfisins ásamt uppbyggingu mannvirkja miðað við þær forsendur sem hafa verið nefndar og mun því alltaf verða mun dýrara að keyra þessa vegi en menn hafa talað um.

Eins má benda á að erlendis þar sem svona tollar eru, amk þar sem ég hef komið, er alltaf hægt að velja aðrar leiðir og sleppa við tollana, það er ekki í þessu tilfelli.

Ég vil mótmæla þessum áformum harðlega og tel þetta verulega slæma þróun, sérstaklega fyrir fólk sem býr í kringum höfuðborgarsvæðið.

Undirritað: Stefán Örn Viðarsson